



Reykjavík 05.03.2021

Borgarráð

Efni: Skáttafélagið Segull í Breiðholti, skáttahéimili.

Stjórn Skáttasambands Reykjavíkur (SSR), fyrir hönd Skáttafélagsins Seguls, óskar hér með eftir formlegum viðræðum við Reykjavíkurborg um aðkomu að endurbættri aðstöðu félagsins sem er í Breiðholti. Aðstaða Skáttafélagsins Seguls er efst á lista yfir þau verkefni sem SSR leggur nú áherslu á. Ánægjulegt væri að viðræður gætu skilað niðurstöðum í húsnæðismálum Seguls fyrir 40 ára afmæli félagsins þann 22. febrúar 2022.

Sjá nánar meðfylgjandi greinargerð.

Með vinsemd og virðingu.
Skáttakveðja,

Jón Andri Helgason
Verkefnastjóri Skáttasambands Reykjavíkur

**Greinargerð með bréfi til borgarráðs
vegna aðstöðu Skátafélagsins Seguls.**



Skátafélagið Segull starfar í Seljahverfi í Breiðholti. Félagið sem fagnar fljótlega 40 ára starfsafmæli hefur frá upphafi átt undir högg að sækja í húsnæðismálum. Í upphafi starfaði félagið í Ölduselsskóla Frá árinu 1988 hefur starfið farið fram í húsnæði að Tindaseli 3 sem félagið keypti með aðstoð Reykjavíkurborgar. Þótt Tindaselið hafi á sínum tíma leyst bráðavanda starfseminnar, var það fyrirséð og viðurkennt af Reykjavíkurborg, SSR og Segli að umrætt húsnæð fæli ekki í sér frambúðarlausn fyrir félagið. Húsnæðið sjálft er ekki ásættanlegt fyrir æskulýðsstarf og umhverfið í kring er óaðlaðandi og óhentugt. Eins hafa kröfur um aðstöðu barna í íþrótt- og æskulýðsstarfi aukist talsvert síðan þá.

Með nýju hverfaskipulagi fyrir Breiðholtið er ljóst að Reykjavík hefur mikinn metnað fyrir hverfinu. Því er kjörið tækifæri að finna varanlega lausn fyrir félagið innan þess skipulags, annað hvort með lóð fyrir nýbyggingu eða að finna annað viðunandi húsnæði í hverfinu.

Skátasamband Reykjavíkur(SSR) sendi erindi til Reykjavíkurborgar í lok 25.11 2010 þar sem óskað var eftir lóð fyrir Segul og annað sambærilegt erindi til ÍTR árið 15.2.2017. Í samningi SSR við Reykjavíkurborg fyrir árin 2020-2022 er kveðið á um að athuga verði með lausnir fyrir félagið á samningstímanum.

Eftir að hafa skoðað málið hefur Segull áhuga á eftirfarandi svæðum í nánd við græn svæði í kringum Hólmasel fyrir lóð til að byggja nýtt skátaheimili á:

- Milli Seljaskóla og Andapóllsins
- Milli Ölduselsskóla og Seljakirkju
- Við lóð Kapólsku kirkjunnar við Raufarsel

Verði farið í nýbyggingu má áætla að kostnaður sé einhverstaðar í kringum 120-130 milljónir sem myndi skiptast milli Reykjavíkurborgar og SSR en sambandið ætti að geta tekið þátt í hluta af kostnaði með sölu á Tindaseli 3.

Segull er opið fyrir að skoða aðra kosti en að byggja nýtt húsnæði en telur þó að kostnaður við slíkt sé alltaf talsverður og ávinningurinn ekki í samræmi við það. Til sölu er hluti af Hólmaseli 2. Við eftirgrennslan þá hafa aðrir eigendur í húsnæðinu ekki áhuga á að selja að svo stöddu. Sá hluti sem er til sölu hentar ekki einn og sér og þyrfti miklar endurbætur. Staðsetningin og nálægð við helstu grænu svæði hverfisins myndi þó henta félaginu mjög vel. Eins telur SSR mjög heppilegt að sameina félagstarf í hverfinu í kringum Hólmasel. Í nýju hverfisskipulagi er einmitt gert ráð fyrir talsvert auknu byggingarmagni þar í kring.

Nú eru að verða komin næstum 20 ár síðan farið var síðast í uppbyggingu á húsnæði til skátastarfs í Reykjavík. Aðstaða Skátafélagsins Seguls er efst á lista yfir þau verkefni sem SSR vill ráðast í. Til að koma málinu áfram óskar SSR eftir formlegum viðræðum um lausn á húsnæðisvanda Skátafélagsins Seguls. Ánægjulegt væri ef viðræður gætu skilað niðurstöðum í húsnæðismálum Seguls fyrir 40 ára afmæli félagsins þann 22. febrúar 2022.